

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 09.05.2022

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027

Á síðustu árum hafa orðið jákvæðar breytingar á fjármálaáætlun og fjárlögum að því leyti að kynja- og jafnréttissjónarmið eru meira áberandi. Þannig eru tillögur í fjármálaáætlunum og fjárlögum oftast greind frá kynjasjónarmiðum og dregið fram hver jafnréttisáhrif efnahagslegra ákvarðana eru. Femínísk fjármál fagna þessari þróun og fyrirheitum um að enn sé unnið að betri greiningum á fleiri málaflokkum og nýjum verkefnum, eins og greiningum á framkvæmdaverkefnum, enda er það löngu tímabær framför. Félagið hefur á síðustu árum bent á hvernig greiningar á jafnréttisáhrifum þurfa að hafa bein áhrif á ráðstöfun fjármuna, verklag, áherslur og viðmið, enda eru greiningar til lítills ef þær hafa ekki áhrif á forgangsröðun og aðgerðir. Þessi brýning heldur áfram að vera þörf, því þó að augljóslega (og gleðilega) sé til staðar þekking og færni innan stjórnarráðsins til að draga fram kynja- og jafnréttisáhrif stefnumótunar og ákvarðanatöku, er það eftir sem áður pólitísk ákvarðanatöku um forgangsröðun sem ræður því á endanum hvort raunverulega er verið að stuðla að jafnrétti og jöfnuði.

Nú þegar við erum loksins á leiðinni út úr fordæmalausu ástandi covid-faraldurs síðustu ára, blasir við okkur heldur óþægilegur sannleikur um brothætt heilbrigðiskerfi sem borið hefur verið lengi á herðum fólks sem í síðustu áhlaupum hefur bagnað undan farginu. Við þessu hefur verið varað árum saman, og nýjustu fréttir segja frá verulegum áhrifum uppsafnaðs álags frá covid-tímabilinu á mönnum heilbrigðiskerfisins og getu þess til að veita nauðsynlega þjónustu. Meira að segja þau góðu verkefni sem unnið er að duga ekki til, greining ráðgjafafyrirtækisins McKinsey á framtíðarþjónustu Landspítalans bendir til að nýr Landspítali verði sprunginn hvað varðar þörf fyrir legurými árið 2040. Hægt er að koma í veg fyrir það en þá verður að grípa til aðgerða og beina sjúklingum í meira viðeigandi úrræði. Það dugur hins vegar ekki að færa vandann til, því án fjármagns og uppbyggingar mun hvorki heilsugæslan né aðrar einingar innan heilbrigðis- og velferðarkerfisins ráða við þær aðgerðir.

Heilbrigðiskerfið er borið uppi af kvennastéttum og þegar það getur ekki sinnt sínu hlutverki fellur umönnun þeirra sem kerfið getur ekki sinnt í yfirgnæfandi tilfellum á herðar kvenna innan fjölskyldna, en umönnunarbyrði hér er nú þegar með því hæsta í Evrópu. Kulnun og örmögnun fólks hvort sem er af aðstæðum í vinnu eða heimilislífi, er risastór ógn við heilsu kvenna, en líka við farsæld samfélagsins. Útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu hér er það lægsta á Norðurlöndunum. Aukin fjárfesting í heilbrigðisþjónustu og umönnun er góð fjárfesting sem er líklegt til að skila árangri og skapa

fjölbreytt græn störf og leiða af sér jákvæðan ávinning á heilsu og lífsgæði¹. Það er skynsamlegt að fjárfesta í bættum starfsaðstæðum heilbrigðisstarfsfólks, m.a. þegar kemur að launum, mönnun, vinnuaðstæðum og tækifærum fyrir starfsfólk til símenntunar, til að fyrirbyggja brottfall stórs hóps (sérstaklega kvenna), af vinnumarkaði vegna kulnunar og örorku. Slíkt brottfall felur ekki aðeins í sér tekjumissi fyrir ríkissjóð, heldur aukin útgjöld vegna örorkulífeyris og annarra félagslegra úrræða. Fjárfesting í heilbrigðis- og velferðarþjónustu mun því ekki aðeins bæta starfsaðstæður og fjölga grænum störfum í aðlaðandi starfsumhverfi, heldur einnig stuðla að bættri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Þó hefð sé fyrir að skilgreina velferðarmál ekki sem fjárfestingu eins og jarðgöng eða virkjun er að mati félagsins augljóst að hér er um eina mikilvægustu fjárfestingu sem völ er á að ræða - mannauð, heilsu og lífsgæði almennings. Vanræksla á þeim málaflokki hefur sömu afleiðingar og að sinna ekki viðhaldi á byggingum - vandinn eykst ef ekki er gripið í taumana og ef áfram er horft fram hjá þörfinni blasir við algjört hrun. Til að koma í veg fyrir það leggja Femínísk fjármál til að í fjármálaáætlun verði aukin áhersla á fjárfestingu í: fjölgun hjúkrunarrýma, aukinni heimahjúkrun og heimaþjónustu, endurhæfandi stuðningsúrræðum til að mæta þeim sem lenda í örmögnun, kulnun eða langtímaafleiðingum covid (m.a. niðurgreiddri sálfræðiþjónustu), hækkun almannatrygginga, umtalsverðri styttingu biðlista í heilbrigðisúrræði og aðgerðir, og brúun umönnunarbilsins í samvinnu við stjórnvöld á sveitastjórnarstigi.

Hætt er við að þær upphæðir sem varið er til þessara málefna samkvæmt áætluninni muni ekki duga til uppbyggingar þegar saman kemur öldrun þjóðar, fjölgun landsmanna, aukin þörf fyrir þjónustu og erfið staða varðandi mönnun. Ljóst er að þær aðgerðir sem hér eru nefndar, og félagið telur mikilvægt að ráðist sé í til að stuðla að auknu jafnrétti, þurfa aukið fjármagn til framkvæmda. Ýmsar leiðir eru til að fjármagna slíkar aðgerðir en til þess þarf pólitískan vilja. Hér geisar verðbólga hærri en þekkt hefur í rúman áratug og því viðkvæmt að tala fyrir töluverðum auknum útgjöldum ríkissjóðs eins og hér er gert. Ljóst er að nýta hefði mátt þann milljarða afslátt sem gefinn var af sölu Íslandsbanka til að fjármagna aðgerðir sem stuðla að réttlátara og jafnara samfélagi. Eins er hægt að afla fjár með því að skattleggja tekjur þeirra tekju- og eignahæstu frekar og hækka fiskveiðigjaldið sem fyrirtæki greiða fyrir notkun á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Sama ríkisstjórn og leggur fram Fjármálaáætlun 2023-2027 fjármagnaði á síðustu tveimur árum þennsluhvetjandi aðgerðir sem, líkt og Femínísk Fjármál bentu á í greiningum sínum, skiluðu sér ekki í hendur þeirra sem mest þurftu á stuðningi að halda á tímum þar sem það var lykilatriði. Það er enn þörf á stuðningi við fólk nú í eftirleik covid faraldursins. Því spyrjum við: Er ekki bara best að ganga lengra og fjárfesta í heilbrigðis- og velferðarkerfi sem virkar?

Virðingarfyllt,
Stjórn Femínískra fjármála

¹ De Henau, J., og Himmelweit, S. (2021). A care-led recovery from covid-19: Investing in high-quality care to stimulate and rebalance the economy. *Feminist Economics*, 27(1-2), 453-469.